



Fundargerð 88. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.
Haldinn mánudaginn 13. September 2025, kl. 09:00 á TEAMS.

Mætt eru: Valgerður B. Pálsdóttir (formaður), Fannar Jónasson, Magnús Stefánsson, Guðrún P. Ólafsdóttir og Árni Sigfússon, .

Starfsmenn: Daníel Einarsson (sem ritaði fundargerð), Puriður H. Aradóttir Braun og Sigrún Svafa Ólafsdóttir

Gestir: Helena Hauksdóttir (bókhald)

Forföll: Jóhann Snorri Sigurbergsson og Arnbjörn Ólafsson

Dagskrá fundarins:

1. Ársreikningur Reykjanes Jarðvangs 2024

Drög að ársreikningi lögð fyrir stjórn. Óskað eftir að önnur umræða fari fram um ársreikning þar sem stjórn fái tíma til að fara yfir viðeigandi fylgigögn.

2. Málþing jarðvanga og Náttúruverndarstofnunar

Íslandsdeild jarðvanga hefur undanfarið skoðað möguleika á auknu samstarfi og samtali við ný stofnaða Náttúruvísindastofnun með það markmið að vekja athygli á jarðminjavernd og jarðvöngum. Borin var upp sú hugmynd að halda málþing á Hvolfsvelli ásamt Kötlu jarðvangi og Náttúruverndarstofnun í nóvember 2025. Stjórn telur tímasetningu henta illa fyrir sveitarstjórnarfulltrúa og ráð væri að skoða nýja dagsetningu á nýju ári.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 09:40